

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

*Sigman Einarsson*

Jarðhitadeild  
GREINASAFN

28/1978

JARÐHITASVÆÐIÐ Á REYKHÓLUM

-náttúrlegur jarðhiti-

Sigman dur Einarsson

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

JARÐHITASVÆÐIÐ Á REYKHÓLUM

-náttúrlegur jarðhiti-

Sigmundur Einarsson

E F N I S Y F I R L I T

	bls.
0 ÁGRIP	5
1 INNGANGUR	7
2 FYRRI ATHUGANIR	8
3 UM JARÐFRÆÐI SVÆÐISINS	9
4 LÝSING JARÐHITANS	10
4.1 1. þyrping. Hverir og laugar við Reykhóla	10
4.2 2. þyrping. Laugar á Bolaskeiði	19
4.3 3. þyrping. Forahverir	20
4.4 4. þyrping. Einireykir og nágrenni	22
4.5 5. þyrping. Höllustaðalaugar	24
4.6 Einstakar laugar og volgrur	26
5. TENGSL JARÐHITANS VIÐ BERGGRUNNINN	27
HEIMILDIR	28
TÖFLUR	29
MYNDIR	39

TÖFLUSKRÁ

TAFLA I	1. þyrping. Hverir og laugar við Reykhóla	31
"	II 2. þyrping. Laugar á Bolaskeiði	34
"	III 3. þyrping. Forahverir	35
"	IV 4. þyrping. Einireykir og nágrenni	36
"	V 5. þyrping. Höllustaðalaugar	37
"	VI 6. þyrping. Einstakar laugar og volgrur	37

MYNDASKRÁ

1. mynd	Reykhólar og nágrenni, afstöðumynd	41
2. "	Hverir og laugar við Reykhóla og á Bolaskeiði	43
3. "	Forahverir	45
4. "	Einireykir og nágrenni	47
5. "	Höllustaðalaugar	49
6. "	Volgra við Miðhús	51

0 ÁGRIP

Náttúrulegum jarðhita við Reykhóla er skift í 5 megin þyrpingar auk einstakra lauga og volgra. Nákvæm kort yfir jarðhitann fylgja skýrslunni ásamt hitamælingum. Uppstreymi heita vatnsins virðist tengt göngum og/eða misgengjum með norðaustlæga stefnu.

## 1 INNGANGUR

---

Dagana 30. mars til 1. apríl 1978 dvaldi sá er þetta ritar á Reykhólum við athuganir á náttúrulegum jarðhita. Tilgangurinn var að kanna vandlega dreifingu jarðhitans og festa á kort einstaka hverir og laugar. Um þetta leyti var að hefjast borun eftir heitu vatni fyrir Þörungavinnsluna, en við fyrri boranir urðu töluverðar breytingar á hverasvæðinu, þannig að nokkrir hverir hurfu og rennsli minnkaði úr öðrum. Þótti því ástæða til að kanna jarðhitann ítarlegar áður en frekari breytingar yrðu. Dreifing náttúrulegs jarðhita og áhrif borana á einstaka hverir og laugar gefa oft mikilvægar upplýsingar um eðli og tengsl jarðhitakerfa. Þessara upplýsinga verður ekki aflað eftir að stöðug vantsvinnsla er hafin á svæðinu.

Dagana sem athugunin fór fram var vægt frost á Reykhólum, en við slíkar aðstæður er kjörið að vinna að jarðhitaleit. Við kortlagninguna var stuðst við skipulagskort af Reykhólum í mælikvarða 1:2000 og stækkaða loftmynd í mælikvarða 1:5000 þar sem kortinu sleppir. Allar hitamælingar voru gerðar með viðnámshitamæli (termistor) og reynt að finna hesta hitann í hverju auga. Reynt var að áætla rennsli á hverjum stað en engar rennslismælingar voru gerðar í þetta sinn. Stefnt er að því að gera þær mælingar á árinu 1979.

Nöfn á einstökum hverum í landi Reykhóla virðast nokkuð á reiki en hér er farið eftir upplýsingum frá Örnefnastofnun Þjóðminjasafns, Tómasi Sigurgeirssyni bónda á Reykhólum og Kristni Hákonarsyni frv. yfirlögregluþjóni í Hafnarfirði, en hann ólst upp á Reykhólum um aldamótin síðustu. Nöfn á Höllustaðalaugum eru höfð eftir Samúel Björnssyni bónda á Höllustöðum og Ólafi Sveinssyni bónda á Grund.

## 2 FYRRI ATHUGANIR

---

Dorvaldur Thoroddsen (1925) skoðaði hverina við Reykhóla 1886 og lýsti þeim og aðstæðum nokkuð. Hann mældi einnig hitastig í nokkrum hveranna, en á þeim tíma voru hitamælar ekki nákvæmir.

Trausti Einarsson (1942) hefur birt nokkrar hita- og rennslismælingar frá Reykhólum og einnig hefur hann leitt getum að því að jarðhitinn þar sé tengdur berggöngum (Trausti Einarsson, 1937).

Í skýrslu Rannsóknaráðs ríkisins (1944) eru birtar hita- og rennslismælingar frá Reykhólum. Staðsetningar hvera og lauga eru ónákvæmar og ónothæfar eru aðrar mælingar en þær sem gerðar eru á hverum sem bera nöfn.

Árið 1959 gerði Jón Sólmundsson nokkrar hita- og rennslismælingar á hverum við Reykhóla á vegum Raforkumálaskrifstofunnar, en einnig hjá honum eru sumar mælinganna ónothæfar vegna ónákvæmrar staðsetningar.

Í skýrslu Jóns Jónssonar frá 1961 er lýst jarðfræðilegum aðstæðum við Reykhóla og getum að því leitt að uppstreymi heita vatnsins standi í sambandi við bergganga.

Efnagreiningar á vatni úr hverunum svo og rennslis- og hitamælingar á þeim helstu voru gerðar á vegum jarðhitadeildar árið 1965 og voru niðurstöður birtar í skýrslu sama ár (Sveinbjörn Björnsson, 1965).

Árið 1972 var gerð könnun á jarðhitasvæðinu vegna fyrirhugaðrar þörungaverksmiðju í Karlsey. Niðurstöður voru birtar í skýrslu sama ár (Axel Björnsson og Karl Grönvold, 1972).

### 3 UM JARÐFRÆÐI SVÆÐISINS

Berggrunnurinn við Reykhóla er byggður upp af blágrýtishraunlögum sem runnu fyrir 10-11 milljónum ára. Hraunlagastaflinn er mikið brotinn og stefna flest misgengin NA-SA, en nokkur stefna NS-SA. NA-SV misgengi og gangar eru hluti kulnaðar megineldstöðvar í Króksfirði. Halli jarðlaga á Reykjanesi er mjög óreglulegur, líklega vegna áhrifa frá eldstöðinni. Þessar upplýsingar eru að mestu byggðar á athugunum sem Haukur Jóhannesson gerði í Reykjanesfjalli árið 1976.

Við Reykhóla kemur heita vatnið víða upp úr samlímðri sjávarmöl með skeljum í. Þetta efni safnaðist hér fyrir þegar sjór stóð hærra í lok ísaldar. Þá hlóðust upp malarhjallar við ströndina og það efni sem safnaðist saman við hverina límdist saman af kísilútfellingum og myndar nú víða harða steypu.

#### 4 LÝSING JARÐHITANS

---

Hverum og laugum við Reykhóla má skifta í 5 megin þyrpingar eftir dreifingu jarðhitans á yfirborði.

Á 1. mynd er yfirlitskort sem sýnir dreifingu jarðhitans í næsta nágrenni Reykhóla svo og afstöðu sérkorta (2.-6. mynd) hvers til annars.

##### 4.1 1. þyrping. Hverir og laugar við Reykhóla

Megin jarðhitasvæðið á Reykhólum liggur við sunnanverða hæðina sem Reykhólabyggðin stendur á. Hæðin er úr völubergi og sandsteini og hylur þessi myndun berggrunninn á stóru svæði. Samband hveranna við berggrunninn sést því ekki. Þar eð völubergið virðist til komið vegna kísilútfellinga er líklegt að meginuppstreymi heita vatnsins sé undir sjálfri hæðinni.

Margir stærstu hverirnir bera nöfn, en ekki allir. Einstakar minni hveraþyrpingar hafa einnig sérstök nöfn. Þannig heita hverirnir norðan við sundlauginu (nr. 1.7-1.9, 2. mynd) Suðurhverir, og hverirnir hjá rafstöðinni (nr. 1.29-1.39) Hveralækjahverir. Hverirnir við Kúatjörn (Kýrtjörn) (nr. 1.40-1.49) heita einu nafni Kúatjarnarhverir og hverirnir vestan undir hæðinni (nr. 1.56-1.62) heita Vesturhverir.

Lega einstakra hvera og lauga í 1. þyrpingu er sýnd á 2. mynd og úrdráttur úr jarðhitalýsingunni er birtur í töflu I.

1.1 Bleyta í túninu sem ekki frýs. Svæðið er 2-3 m<sup>2</sup>. Hiti mældist 8,0°C.

1.2 Bleyta í túninu, 1-2 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Hiti mældist 10,0°C.

1.3 Auga vestantil í skurði. Rennsli er lítilsháttar en ekki hægt að meta það vegna kalds vatns sem rennur yfir uppsprettuna. Hiti 11,0°C.



- 1.4 Stór drullupyttur (1 x 4 m) í mýri. Rennsli virðist sáralítið. Hiti mældist 31,8°C á 1,5 m dýpi.
- 1.5 Lítil leðjupyttur 2-3 m neðan við gamla túngarðinn. Hiti mældist 7,5°C á 70 cm dýpi. Rennsli mjög lítið.
- 1.6 Lítil drullupyttur, rennsli aðeins merkjanlegt. Hiti mældist 9,7°C á 0,5 m dýpi.

Suðurhverir (nr. 1.7-1.9) hafa þornað að mestu eftir að hola nr. 5 var boruð og farið var að nýta hana. Hins vegar koma hverirnir upp aftur þegar lokað er fyrir holuna. Á 2. mynd er leitast við að sýna hverina eins og þeir voru fyrir borun.

Hverapyrpingin samanstendur af þremur stórum hverum og nokkrum minni augum í næsta nágrenni. Nokkur ruglingur hefur verið á nöfnum hveranna, nema þess vestasta sem heitir Berghver. Hinir tveir hafa í eldri heimildum ýmis nöfn sem ekki fengust staðfest hjá þeim Tómasi Sigurgeirssyni og Kristni Hákonarsyni. Hér verða notuð um þá nöfnin Ystihver og Miðhver, fengin hjá Tómasi, og ættu þau ekki að valda frekari ruglingi, því ljóst er af nöfnunum við hvaða hverri er átt.

- 1.7 Ystihver. Steypt þró er yfir hvernum og renna úr henni 0,3-0,5 l/s af 75°C heitu vatni. Kísilútfellingar eru í kring.
- 1.8 Miðhver. Steypt þró er yfir hvernum og rennur úr henni í leiðslu í átt að sundlauginni. Ekki varð hitamæli komið við. Kísilútfellingar eru í kring.

Af lýsingum má ráða að þetta er sami hverinn og Þorvaldur Thoroddsen (1925) nefnir Þvottahver og Sveinbjörn Björnsson (1965) Þvottalaug.

eldri mælingar

<u>heimild</u>	<u>hiti</u>	<u>rennsli</u>	<u>ár</u>
Þorv. Thoroddsen (1925)	90°C	-	1886
Jón Sólmundsson (1959)	94 -	2-3 l/s	1959
Sveinbj. Björnsson (1965)	92 -	2,0 -	1965

- 1.9 Berghver. Yfir hvernum er steyppt þró og var hann notaður til húshitunar, en þar áður rann úr honum í Grettislaug. Hverinn er nú þornaður, en við hann eru verulegar kísilútfellingar. Í eldri heimildum er hverinn stundum nefndur Grettislaug, en það er upphlaðin gömul laug og var hleypt í hana vatni úr Berghver.

eldri mælingar

<u>heimild</u>	<u>hiti</u>	<u>rennsli</u>	<u>ár</u>
Skýrsla Rannsóknaráðs (1944)	91°C	2 l/s	1943
Jón Sólmundsson (1959)	94,5°C	1-1,5 l/s	1959
Sveinbj. Björnsson (1965)	-	0,3 l/s	1965

Af eldri heimildum virðist mega ráða að heildarrennsli úr Suðurhverum hafi verið 4-5 l/s, en eitthvað virðist vanta í mælingar sem birtar eru í skýrslu Sveinbjörns Björnssonar (1965). Hugsanlega stendur það í sambandi við nafnarugling (sjá nr. 1.26), en einnig má vera að breyting hafi orðið á rennslinu.

- 1.10 Hiti 87,2°C. Lítið vatnsauga með töluverðri kísilútfellingu, rennsli lítið.
- 1.11 Vatnsauga í gamla túngarðinum. Hiti mældist 83,0°C, en rennsli er mjög lítið. Töluverð kísilútfelling er við augað.
- 1.12 Hiti 89,3°C og rennsli um 0,5 l/s. Að útliti líkt nr. 1.10 og 1.11.
- 1.13 Pollur með kyrru vatni, um 1 m í þvermál, 8 m neðan við gamla túngarðinn. Hiti mældist 12,3°C.

- 1.14 Vatnsauga í móa um 20 m sunnan við gamla túngarðinn. Hiti mældist 23,6°C en rennsli virtist sáralítið.
- 1.15 Pyttur í móa 4 m ofan við gamla túngarðinn, um 30 cm í þvermál. Hiti mældist 9,7°C og rennsli er ekkert.
- 1.16 Mýrapyttur. Þítt svæði var um 2 m í þvermál. Hiti mældist 10,8°C á 1 m dýpi. Rennsli ekki merkjanlegt.
- 1.17 Eins og nr. 1.16. Hiti 12,6°C.
- 1.18 " " Hiti 14,7°C.
- 1.19 " " Hiti 14,6°C.
- 1.20 Stór pollur. Í honum er jarðhitavottur á einum stað. Hiti 5-6°C.
- 1.21 Pyttur í móa. Hiti mældist 36,8°C á 30 cm dýpi en þar var fast undir. Rennsli lítið.
- 1.22 10,0°C hiti í skurði. Kyrrt vatn með slýgróðri.
- 1.23 Lítill pyttur í mýri. Hiti mældist 29,0°C. Rennsli ekki merkjanlegt.
- 1.24 Lítill leðjupyttur í móa undir fallinni girðingu. Hiti mældist 54,8°C. Rennsli mjög lítið.
- 1.25 Lítið auga í kísilhrúgaldi. Hiti mældist 70,5°C, en rennsli er sáralítið.
- 1.26 Utan um hver þennan er þró úr stáli. Hiti mældist 77,0°C og rennsli áætlað 1 l/s.

eldri mælingar

<u>heimild</u>	<u>hiti</u>	<u>rennsli</u>	<u>ár</u>
Jón Sólmundsson (1959)	83°C	1-2 l/s	1959
Sveinbj. Björnsson (1965)	82 -	3 -	1965

Í skýrslu Sveinbjörns Björnssonar (1965) er hverinn ranglega nefndur Berghver, en staðsetning á korti sem fylgir skýrslunni sýnir við hvaða hver er átt.

1.27 Seytl úr kísilhrúgu. Hiti mældist 47,4°C.

1.28 Syðsta laugin austan vegarins niður að Þörungavinnslunni. Hún er á skurðbakka, austanmegin, dálítill pyttur í mýri. Hiti mældist 50,5°C og rennsli áætlað um 0,2 l/s.

Hveralækjahverir (nr. 1.29-1.39)

1.29 Auga í völuvergi með kísilútfellingum í kring. Hiti mældist 66,0°C. Rennsli er mjög lítið.

1.30 Hiti 71,2°C. Eins og nr. 1.29.

1.31 Gengt holu nr. 2, við gamla veginn. Auga í völuvergi og hefur verið steypt yfir það og rör sett í. Hiti mældist 78,4°C en rennsli var áætlað 0,5 l/s. Nokkurt bólustreymi er í auganu.

1.32 Friður eða Eggjahver. Hverinn er í reglulegri skál í völuvergi. Hitinn mældist 73,3°C. Rennslið er lítið en nokkurt bólustreymi.

1.33 Auga í affallslæk frá dælustöð. Hiti 85,0°C, svolítið rennsli, en erfitt að meta það vegna aðstæðna.

1.34 80,7°C, eins og nr. 1.33.

1.35 Seytl úr uppfyllingu við dælustöð (rafstöð). Hiti mældist 74,4°C.

1.36 Seytl úr uppfyllingu undir heitavatnsrörum. Hiti mældist 80,5°C.

- 1.37 Skál í völuþergi. Rennsli sáralítið, en örlítið bólustreymi.  
Hiti mældist 92,7°C.
- 1.38 Skál í völuþergi. Hiti mældist 90,7°C og rennsli allt að  
0,5 l/s. Töluvert bólustreymi.
- 1.39 Seytl úr uppfyllingu 2 m frá tanki. Lítilsháttar bólustreymi.  
Hiti 89,9°C.

Kúatjarnarhverir (nr. 1.40-1.49). Á þessum hverum hafa orðið  
talsverðar breytingar vegna framkvæmda á vegum þörlungavinnslunnar.  
Á 2. mynd eru hverirnir sýndir eins og þeir voru þegar mælt var,  
en líklega hefur aðeins orðið tilfærsla á útstreymisopum, en ekki  
verulegar breytingar á hita og rennsli.

- 1.40 Um 0,5 l/s af 89,4 heitu vatni streymir úr völuþergi, Hverinn  
hefur verið grafinn út nýlega á vegum Þörlungavinnslunnar.
- 1.41 Steypt þró með ofnum í, nú þornuð (sjá nánar nr. 1.43).
- 1.42 Seytl úr völuþergi. Hiti mældist 41,6°C.
- 1.43 Þró sem grafin hefur verið til vatnsöflunar fyrir Þörlunga-  
vinnsluna. Hiti mældist 79,0°C, rennsli áætlað 1-2 l/s. Þessi  
framkvæmd hefur sennilega þurrkað nr. 1.44 og 1.45 og hugsanlega  
einnig nr. 1.41.
- 1.44 Gufuútstreymi í þornuðum hver (sjá nr. 1.43).
- 1.45 Hverskál úr kísilútfellingum. Sennilega hefur hverinn þornað  
nýlega (sjá nr. 1.43).
- 1.46 1 m djúp hola í völuþergi. Hiti mældist 90,9°C. Rennsli er  
sáralítið, en bólustreymi nokkurt.
- 1.47 62,1°C hiti í leðjupytti. Lítið rennsli.

1.48 50,2°C hiti í litlu auga. Kísilútfellingar. Rennsli er lítið.

1.49 44,5°C. Eins og nr. 1.48.

1.50 72,4°C hiti í litlu auga í völubergi. Seytl.

1.51 Þró, nýlega grafin til vatnsöflunar fyrir Þörungavinnsluna.

Ekki tókst að mæla hitann við uppstreymið, en affall úr röri 50 m sunnar mældist 77,3°C og rennsli var áætlað 1-2 l/s. Þar sem þróin er mun áður hafa verið hver.

1.52 Þjófahver. Hverinn var notaður til að hita upp Prestshúsið og er þró yfir honum. Rennsli er ekki sjáanlegt, en hiti mældist 89.9°C.

#### eldri mælingar

<u>heimild</u>	<u>hiti</u>	<u>rennsli</u>	<u>ár</u>
Þorv. Thoroddsen (1925)	89°C	-	1886
Trausti Einarsson (1942)	94,5°C	4-5 l/s	?
Skýrsla Rannsóknaráðs (1944)	93°C	2,5 -	1943
Jón Sólmundsson (1959)	98°C	0,1-0,2 l/s	1959
Sveinbj. Björnsson (1965)	90°C	2,1 l/s	1965

Sennilegt er að vatnið sem rennur úr nr. 1.51 sé a.m.k. að hluta til tekið frá Þjófahver.

Þjóðsögur eru til um nafnið á hvernum (sjá Þjóðsögur Jóns Árna-sonar).

1.53 Mýrapyttur. Hiti mældist 48,8°C. Rennsli er ekkert.

1.54 76,6°C hiti í völubergsklöpp í mýrinni. Augun eru tvö og er 1 m á milli þeirra. Kísilútfellingar eru við augun. Rennsli er lítið.

1.55 4 m norðan við nr. 1.54 er samskonar auga. Hiti mældist 48,0°C.

Vesturhverir (nr. 1.56-1.65). Samkvæmt Þorvaldi Thoroddsen (1925) eru aðalhverirnir fjórir, Kraflandi (nr. 1.58), Gullhver (nr. 1.59), Runkhúshver (nr. 1.62) og Péturshver. Ekki hefur fengist nákvæm staðsetning á Péturshver, en Kristinn Hákonarson kannast við nafnið og segir að hann hafi einnig verið kallaður Ormahver. Sennilegast er að hverinn hafi horfið við fyrri boranir við Reykhóla, en einnig getur verið um einhvern nafnarugling að ræða. Þorvaldur Thoroddsen (1925) mældi 85°C hita í Péturshver.

1.56 Afbræðsla um 2 m í þvermál. Hiti mældist 24,7°C, en rennsli er lítið.

1.57 Lítil skál í völubergi og seytlar úr henni. Hiti mældist 84,5°C.

1.58 Kraflandi. Um 70 cm djúp og 70 cm við skál, í völubergi. Í hvernum er sjóðandi vatn og renna úr honum á að giska 1,5-2 l/s. Hitastig mældist 100,1°C. Eggert Ólafsson (1943) segir að 1753 hafi hverinn gosið 4 fet í loft upp, en áður miklu hærri. Um gasútstreymi verður ekki sagt vegna suðunnar. Eftir að hola nr. 2 var boruð (áður en nr. 4 og nr. 5 voru boraðar) varð vart við aukna virkni í Kraflanda ef holan var fullopnuð og látið renna úr henni í nokkra klukkutíma. 1972 gaus hverinn 1-2 fet í loft upp er gerðar voru rennslisathuganir á holu nr. 2 (heimild: Axel Björnsson).

#### eldri mælingar

<u>heimild</u>	<u>hiti</u>	<u>rennsli</u>	<u>ár</u>
Eggert Ólafsson (1943)	suðuhiti	-	1753
Þorv. Thoroddsen (1925)	97°C	-	1886
Trausti Einarsson (1942)	100°C	2,5 l/s	?
Skýrsla Rannsóknaráðs (1944)	100°C	-	1943
Jón Sólmundsson (1959)	101°C	1,5-2,5 l/s	1959
Sveinbj. Björnsson (1965)	99°C	1,5 l/s	1965

1.59 Gullhver. Skál í völubergi með 97,3°C heitu vatni. Rennsli áætlað 0,2-0,3 l/s. Gasstreymi er nokkurt.

eldri mælingar

<u>heimild</u>	<u>hiti</u>	<u>rennsli</u>	<u>ár</u>
Þorv. Thoroddsen (1925)	90°C	-	1886
Trausti Einarsson (1942)	95,5°C	0,5 l/s	?
Skýrsla Rannsóknaráðs (1944)	96°C	-	1943
Jón Sólmundsson (1959)	sjóðandi	0,2-0,3 l/s	1959
Sveinbj. Björnsson (1965)	90°C	0,1 l/s	1965

Þjóðsaga er til um nafn hversins (sjá Þjóðsögur Jóns Árnasonar).

1.60 Leðjupyttur, um 0,5 m í þvermál. Hiti mældist 21,1°C. Ekkert rennsli.

1.61 Drullupyttur, 0,5 m í þvermál. Hiti mældist 41,7°C. Rennsli ekki merkjanlegt.

1.62 Runkhúshver. Runkahús mun hafa verið hjáleiga frá Reykhólum og er hverinn kenndur við hana. Þró er yfir hvernum og mældist í henni 76,5°C hiti. Rennsli var áætlað 0,5 l/s.

eldri mælingar

<u>heimild</u>	<u>hiti</u>	<u>rennsli</u>	<u>ár</u>
Þorv. Thoroddsen (1925)	91°C	-	1886
Trausti Einarsson (1942)	100-?	2 l/s	?
Skýrsla Rannsóknaráðs (1944)	>83-	-	1943
Jón Sólmundsson (1959)	87-	0,3-0,5 l/s	1959
Sveinbj. Björnsson (1965)	85-	0,45 l/s	1965

1.63 Leðjupyttur um 0,5 m í þvermál. Hiti mældist 79,2°C.

1.64 Seytli úr völubergi. Hiti mældist 69,7°C.

1.65 Bleyta í móa. Ytri mörk eru óljós því vatn frá nr. 64 seytlar út í það. Hiti 19,6°C.



1.66 Fjóslaug eða Heimalaug. Steypt þró er yfir lauginni sem nú er þornuð að mestu. Hiti mældist  $10,0^{\circ}\text{C}$ , en rennsli var ekki merkjanlegt. Laugin var áður notuð til að hita upp Reykhólabæinn, og enn áður var sótt í hana neysluvatn. Laugin þornaði er hola nr. 2 var boruð og er hún af þeirri ástæðu flokkuð með 1. þyrpingu. Á 2. mynd er laugin sýnd eins og hún var fyrir borun.

#### eldri mælingar

<u>heimild</u>	<u>hiti</u>	<u>rennsli</u>	<u>ár</u>
Þorv. Thoroddsen (1925)	$55^{\circ}\text{C}$	-	1886
Skýrsla Rannsóknaráðs (1944)	46 -	0,2 l/s	1943
Sveinbj. Björnsson (1965)	51 -	0,2 l/s	1965

#### 4.2 2. þyrping. Laugar á Bolaskeiði

Á Bolaskeiði er lítil hverþyrping og er hún nafnlaus. Berggrunnurinn er hulinn völubergi, en það er ekki þykkt. Við byggingu íbúðarhússins að Mávavatni mun hafa verið grafið niður á stuðlaðan berggang og er sennilegt að heitustu laugarnar séu tengdar honum.

Lega einstakra jarðhitastaða í 2. þyrpingu er sýnd á 2. mynd og úrdráttur úr jarðhitalýsingunni birtur í töflu II.

2.1 Bleyta í túni sem aldrei frýs. Um 1 m í þvermál. Hiti  $6,0^{\circ}\text{C}$ .

2.2 Afbræðsla í skurði. Hiti  $>5^{\circ}\text{C}$ .

2.3 Steypt þró er yfir þessari laug og er hún notuð til að hita upp húsið á Mávavatni. Hiti í þrónni mældist  $74,0^{\circ}\text{C}$ , en ekki er víst að mesti hitinn hafi fundist þar sem þróin var lokað. Rennsli varð heldur ekki áætlað því frárennsli var einnig lokað.

eldri mælingar

<u>heimild</u>	<u>hiti</u>	<u>rennsli</u>	<u>ár</u>
Skýrsla Rannsóknaráðs (1944)	86°C	-	1943
Sveinbj. Björnsson (1965)	>72 -	ca. 1 l/s	1965

- 2.4 Kísilútfellingar sem sennilegast eru merki um þornaðan hver. Líklega hefur hverinn færst þegar skurður var grafinn um 20 m sunnan við hann og nr. 2.5 myndast.
- 2.5 Laug í skurði. Hiti mældist 52,8°C og rennsli áætlað 1 l/s.
- 2.6 Nokkurra fermetra svæði í túninu sem ekki frýs. Hiti mældist 18,0°C.
- 2.7 Nokkur augu í N-S skurði. Allt túnið milli skurðarins og heimkeyrslunnar að Mávavatni bræðir af sér snjó að sögn Sigurgeirs Tómassonar sem þar býr. Vatnið kemur úr völubergi í skurðinum og voru engin augu hér áður en skurðurinn var grafinn. Hiti mældist 31,0°C, en vatnið seytlar víða úr skurðbakkanum austanverðum og blandast köldu vatni í skurðinum.

eldri mælingar

<u>heimild</u>	<u>hiti</u>	<u>rennsli</u>	<u>ár</u>
Sveinbj. Björnsson (1965)	42°C	0,1 l/s	1965

4.3 3. þyrping. Forahverir

Á flatlendinu um 200 m sunnan við sundlaugina er hveraþyrping og nefnist hún einu nafni Forahverir, en engin nöfn eru á einstökum hverum.

Jarðhitinn er a.m.k. að nokkru leyti tengdur berggangi sem víðast er um 2 m breiður og stefnir NA-SV, nokkuð þó óreglulega. Gangurinn er úr þéttu dílalausú póleíti, nokkuð kubbaður á köflum, en yfirleitt heilsteyptur með lítilsháttar láréttri stuðlun. Jón Jónsson (1961) hefur áður lýst honum. Gangurinn sést á um 90 m löngum kafla.

Lega einstakra jarðhitastaða í 3. þyrpingu er sýnd á 3. mynd og úrdráttur úr jarðhitalýsingu er birtur í töflu III.

- 3.1 Seytl úr basaltklöpp um 10 m norðan við læk. Hiti mældist 50,0°C. Lítið sér í klöppina en mikil kísilútfelling er við augað.
- 3.2 Hiti mældist 36,0°C, 4 m norðan við nr. 3.1. Aðstæður eru eins við bæði augun.
- 3.3 Leðjupyttur í mýri 2 m frá læk. Hiti mældist 16,4°C en rennsli er ekkert.
- 3.4 Leðjupyttur í mýri 2 m sunnan við læk. Hiti mældist 25,1°C. Rennsli er ekki merkjanlegt.
- 3.5 Leðjupyttur í mýri 4 m sunnan við læk. Hiti mældist 24,3°C. Rennsli er ekki merkjanlegt.
- 3.6 Lítið auga með kísilútfellingum. Hiti 39,6°C, rennsli lítið.
- 3.7 Leðjupyttur í mýri. Hiti mældist 12,1°C. Rennsli er mjög lítið.
- 3.8 Eins og nr. 3.7. Hiti mældist 9,7°C.
- 3.9 Hver í moldarbarði. Hiti mældist 83,1°C og rennsli er áætlað 1 l/s. Nokkur kísilútfelling.
- 3.10 Auga í klöpp. Hiti mældist 65,8°C. Nokkurt bólustreymi. Rennsli er lítið.
- 3.11 Leðjupyttur. Hiti mældist 17,2°C. Rennsli er lítið.
- 3.12 Auga við berggang. Hiti mældist 69,1°C. Rennsli er lítið en nokkurt bólustreymi.
- 3.13 Kísilskál. Hiti mældist 77,6°C og rennsli var áætlað 0,5 l/s. Nokkurt bólustreymi.

- 3.14 Kísilskál. Hiti mældist 76,7°C og rennsli var áætlað 0,5 l/s. Örlítið bólustreymi.
- 3.15 Seytl úr auga í moldarbarði. Hiti mældist 29,0°C.
- 3.16 Drullupyttur í móa. Um 70 cm í þvermál. Hiti mældist 8,4°C. Rennsli er ekki merkjanlegt.
- 3.17 Seytl við berggang. Hiti mældist 58,1°C. Lítilsháttar kísilútfelling.
- 3.18 Eins og nr. 3.17. Hiti 39,1°C.
- 3.19 Eins og nr. 3.17. Hiti 45,7°C.
- 3.20 Seytl úr klöpp. Hiti 41,6°C. Kísilskán á steinum.
- 3.21 Pyttur í hólma í tjörn. Hiti mældist 21,6°C á um 0,5 m dýpi. Rennsli var ekki sjáanlegt en hitinn bræðir ís af meira en tíunda hluta tjarnarinnar.

#### 4.4 4. þyrping. Einireykir og nágrenni

Við austurenda Langavatns er allmikil hveraþyrping og er hún nafnlaus. Stærsti hverinn heitir Einireykir (eða Einir Reykir), en hinir eru nafnlausir. Hér virðist uppstreymi heita vatnsins standa í sambandi við snögga breytingu á striki og halla jarðlaganna. Norðan og sunnan Langavatns er hallinn suðvestlægur, en við austurenda þess er hann til vestnorðvesturs. Jarðhitasvæðið er ílangt í stefnu NNW-SSA.

Lega einstakra jarðhitastaða í 4. þyrpingu er sýnd á 4. mynd og úrdráttur úr jarðhitalýsingu er í töflu IV.

- 4.1 Auga í klapparholti sem rétt gægist uppúr mýrinni. Hiti mældist 53,5°C. Rennsli var áætlað 0,2-0,3 l/s. Bólustreymi er svolítið og lítilsháttar kísilútfelling við augað.

- 4.2 Eins og nr. 4.1. Rennsli er lítið. Hiti mældist 44,9°C.

- 4.3 Eins of nr. 4.1. Rennsli er lítið. Hiti mældist 49,7°C.
- 4.4 Drullauga í mýri 0,5 m í þvermál. Hiti mældist 16,2°C.  
Rennsli er ekki merkjanlegt.
- 4.5 Leðjupyttur í mýri. Um 1 m í þvermál. Hiti mældist 37,7°C á 1,5 m dýpi. Rennsli er mjög lítið.
- 4.6 Drullupyttur í mýri 1 m á breidd og 2 m á lengd. Hiti mældist 28,5°C á 1 m dýpi. Rennsli er mjög lítið.
- 4.7 Drullupyttur í mýri, 1 m breiður og 3 m á lengd. Hiti mældist 14,3°C á 1 m dýpi. Rennslis varð ekki vart.
- 4.8 Drullupyttur, 1 x 2 m. Hiti mældist 55,0°C. Grunnt á fast (x 10 cm). Rennsli er lítið.
- 4.9 Jarðhiti í klapparholti. Hiti mældist 61,6°C og rennsli áætlað 0,2-0,3 l/s. Kísilskán á steinum.
- 4.10 Leðjupyttur í mýri. Stærð 4 x 5 m. Hiti mældist 53,2°C. Svo-  
lítills rennslis varð vart. Mikill sýlgróður.
- 4.11 Einireykir. Heitt vatn streymir úr þremur augum ofaná völubergs-  
keilu. Hiti mældist 83,0°C og rennsli var áætlað 2 l/s. Tölu-  
vert bólustreymi er úr vestasta auganu.

fyrri mæligar

<u>heimild</u>	<u>hiti</u>	<u>rennsli</u>	<u>ár</u>
Þorv. Thoroddsen (1925)	83°C	-	1886
Trausti Einarsson (1942)	83,5°C	2 l/s	?
Skýrsla Rannsóknaráðs (1944)	83°C	1,4 l/s	1943
Jón Sólmundsson (1959)	85°C	2-3 l/s	1959
Jón Jónsson (1961)	85°C	-	1961
Sveinbj. Björnsson (1965)	85°C	1,7 l/s	1965

- 4.12 Drullupyttur í mýri. Hiti mældist 18,5°C.
- 4.13 Leðjupyttur í mýri. Hiti mældist 35,0°C.
- 4.14 Seytl úr klöpp, 10 m frá vatnsbakkanum. Hiti mældist 54,5°C.
- 4.15 Drullupyttur í mýri. Hiti mældist 25,4°C.
- 4.16 Drullupyttur í móa, um 0,5 m í þvermál. Hiti mældist 8,9°C.
- 4.17 Leðjupyttur í móa, um 1 m í þvermál. Hiti mældist 18,8°C.
- 4.18 Stór drullupyttur í móa, um 1 m í þvermál. Hiti mældist 40,1°C.
- 4.19 Jarðhitaauga í klapparholti. Þrjú meginaugu eru á 10 m langri línu. Vatn seytlar úr augunum og er hið austasta heitast, 71,0°C. Kísilskánir eru á steinum. Rennsli var áætlað 0,2-0,3 l/s.
- 4.20 Mörg augu (10-15) á hringlaga svæði, sem er um 15 m í þvermál. Augun eru í leðju milli klapparholta og eru kísilútfellingar við þau. Rennsli er lítið. Vestustu augun eru heitust, 69,0°C.
- 4.21 Tvö augu í leðju milli klapparholta, og eru 2 m á milli þeirra. Hiti mældist 38,4°C, en rennsli er óverulegt.
- 4.22 Nokkur jarðhitaauga á svæði sem er 30 m langt (N-S) og 10 m breitt. Vatnið kemur úr leðju með kísilskánum. Heitustu augun eru syðst og mældist meðalhiti 80,0°C. Heildarrennslið var áætlað um 1 l/s.
- 4.23 Ylur í leðju milli klapparholta og þítt svæði í kring. Hiti mældist 20,0°C. Rennsli er lítið.

#### 4.5 5. þyrping. Höllustaðalaugar

Austan við Höllustaði eru nokkrar laugar sem allar bera nöfn. Til samans heita þær Höllustaðalaugar, þó svo að þrjár þeirra séu í landi Grundar.

Allar laugarnar koma upp í völubergi.

Legg lauganna er sýnd á 5. mynd og úrdráttur úr jarðhitalýsingu er í töflu V.

- 5.1 Hesthólamýri. Úr pytti í mýrinni seytlar 22°C heitt vatn (Heimild: Jón Benjamínsson og mældi hann hitastigið með kvikasilfursmæli 1977).
- 5.2 Hesthólalaug. Tvö augu í völubergi sem umhverfis er hulið 2 m þykkum jarðvegi. Hiti mældist 33,0°C og 34,2°C. Heildarrennsli var áætlað 0,5 l/s.
- 5.3 Nautalaug. Aðstæður eru svipaðar og við Þvottalaug (nr. 5.4). Hiti mældist 44,3°C og rennsli var áætlað 0,1-0,2 l/s.
- 5.4 Þvottalaug. Skál í völubergi, 60 cm í þvermál og 70 cm djúp. Hiti mældist 60,5°C og rennsli var áætlað 0,5 l/s. Bólustreymi er verulegt. Afrennsli frá lauginni er í skurði, en um 1 m þykkur jarðvegur er ofan á völuberginu.

#### eldri mælingar

<u>heimild</u>	<u>hiti</u>	<u>rennsli</u>	<u>ár</u>
Skýrsla Rannsóknaráðs (1944)	60°C	0,25 l/s	1943

15 m sunnan við Þvottalaug er 57,7°C hiti í moldarleðju í skurðbakkanum og hefur verið grafið þar nýlega.

- 5.5 Stóralaug er í skurði við veginn og var til skamms tíma nýtt til að hita upp gróðurhús. Hiti er um 52°C (mælt af Jóni Benjamínssyni 1977 með kvikasilfursmæli) og rennsli áætlað 0,5 l/s. Vatnið streymir úr völubergi. Bólustreymi er lítilsháttar.

#### 4.6 Einstakar laugar og volgrur

Eftirtaldir jarðhitastaðir eru utan hinna 5 þyrpinga og eru flokkaðir saman til hagræðingar. Úrdráttur úr jarðhitalýsingu er í töflu VI.

6.1 Kötullaug heitir, eða hét, stök laug þar sem nú er Tilraunastöð ríkisins á Reykhólum (2. mynd). Laugin þornaði er hola 1 var boruð, en hún er örfáa metra frá þeim stað sem laugin var.

#### eldri mælingar

<u>heimild</u>	<u>hiti</u>	<u>rennsli</u>	<u>ár</u>
Þorv. Thoroddsen (1925)	58°C	-	1886
Trausti Einarsson (1942)	38°C	lítið	?
Skýrsla Rannsóknaráðs (1944)	ca 59°C	0,4 l/s	1943

6.2 Í kvos ofan við þjóðveginn við Miðhús (6. mynd) streymir nokkurt vatn undan skriðunni við fjallsrótina. Þar er að mestu leyti um kalt vatn að ræða (4°C) en á einum stað mældist 7°C hiti og verður það að teljast jarðhitavottur.

6.3 Við Helgey sem er í landi Reykhóla mun vera jarðhiti, en nánar er ekki um það vitað (Heimild: Steinólfur Lárusson, Ytri-Fagra-dal, Skarósströnd).



## 5 TENGSL JARÐHITANS VIÐ BERGGRUNNINN

---

Við Höllustaði sjást ekki tengsl jarðhitans við berggrunninn þar sem hann er hulinn völubergi og af dreifingu lauganna verður ekkert ráðið.

Við Reykhóla eru aðstæður svipaðar, en þar virðist sem jarðhitaaugun raði sér nokkurn veginn á tvær línur (2. mynd), aðra með N-S stefnu (Þjófahver-Kraflandi) og hina með NA-SV stefnu (Suðurhverir o.fl.). Hugsanlega er uppstreymið tengt tveim göngum (eða misgengjum), en líklegra virðist að uppstreymið úr berggrunninum sé undir Reykhólahæðinni. Hæðin er úr völubergi, samlímdu af kísilútfellingum. Sennilegast er því að uppstreymið sé tengt gangi eða misgengi með NNA-læga stefnu.

Laugar á Bolaskeiði virðast tengdar berggangi og sama er að segja um Forahveri.

Við Einireyki virðist uppstreymið tengt snöggri breytingu á striki og halla jarðlaga sem líklega orsakast af stóru misgengi með NA-SV stefnu.

Allar helstu hveraþyrpingarnar á Reykhólasvæðinu (Höllustaðalaugar, Bolaskeið, Reykhólahverir, Forahverir, Einireykir) raðast á línu sem stefnir NV-SA (1. mynd). Á flatlendinu sést engin áberandi missmíð sem gæti skýrt þessa dreifingu, en í framhaldi af línunni er 20 m misgengi í fjallinu norðvestanvið. Ekki skal fullyrt hvort samband er þarna á milli, en þar sem til sést á einstökum stöðum virðist uppstreymið tengt göngum og/eða misgengjum með norðaustlæga stefnu.

HEIMILDIR

- Axel Björnsson og Karl Grönvold, 1972: Könnun jarðhitasvæðisins að Reykhólum. Orkustofnun, jarðhitadeild. 6 bls.
- Eggert Ólafsson, 1943: Ferðabók I. 434 bls. Reykjavík.
- Jón Jónsson, 1961: Skýrsla um jarðhitaathuganir í Reykhólasveit. Raforkumálastjóri, jarðhitadeild. 4 bls.
- Jón Sólmundsson: Laugabók, dagbækur frá athugunum á jarðhitastöðum sumrin 1959-1962, handrit í vörslu jarðhitadeildar Orkustofnunar.
- Skýrsla Rannsóknaráðs ríkisins, 1944: Jarðhiti á Íslandi I, alkalísk jarðhitasvæði (handrit).
- Sveinbjörn Björnsson, 1965: Rennslismælingar og efnagreining hveravatns á Reykhólum, Reykhólasveit, sumarið 1965. Raforkumálastjóri, jarðhitadeild. 3 bls.
- Trausti Einarsson, 1937: Über eine Beziehung zwischen heißen Quellen und Gängen in der isländischen Basaltformation. Vísindafél. Ísl. Greinar I,2, bls. 135-145.
- Trausti Einarsson, 1942: Über das Wesen der heißen Quellen Islands. Vísindafél. Ísl. Rit XXVI, 91 bls.
- Þorvaldur Thoroddsen, 1925: Die Geschichte der isländischen Vulkane. 458 bls. Kaupm.höfn.

TÖFLUR



TAFLA I 1. þyrping. Hverir og laugar við Reykhóla

Jarðhitastaður númer vísar til jarðhitalýsingar og korts (2. mynd).	hiti °C eldri mælingar í sviga	rennsli l/s
1.1 Bleyta í túni	8,0	-
1.2 Bleyta í túni	10,0	-
1.3 Volgra í skurði	11,0	lítið
1.4 Drullupyttur í mýri	31,8	lítið
1.5 Lítill leðjupyttur	7,5	lítið
1.6 Lítill drullupyttur	9,7	lítið
1.7 Ystihver. Steypt pró. Kísilútf.	75,0	0,3-0,5
1.8 Miðhver. Steypt pró. Kísilútf.	- (90-94)	- (2-3)
1.9 Berghver. Steypt pró. Kísilútf. Nú þurr.	- (91-94,5)	- (0,3-2)
1.10 Lítið vatnsauga. Kísilútf.	87,2	lítið
1.11 Vatnsauga. Kísilútf.	83,0	lítið
1.12 Vatnsauga. Kísilútf.	89,3	0,5
1.13 Pollur með kyrru vatni	12,3	-
1.14 Vatnsauga í móa	23,6	lítið
1.15 Pyttur í móa	9,7	-
1.16 Mýrapyttur	10,8	-
1.17 "	12,6	-
1.18 "	14,7	-
1.19 "	14,6	-
1.20 Stór pollur	5-6	-
1.21 Pyttur í móa	36,8	lítið
1.22 Kyrrt vatn í skurði. Slýgróður	10,0	-
1.23 Lítill pyttur í mýri	29,0	-
1.24 Lítill leðjupyttur í móa	54,8	lítið
1.25 Lítið auga í kísilhrúgaldi	70,5	lítið
1.26 Þró úr stáli er yfir hvernum	77,0 (82-83)	1 (1-3)
1.27 Seytl úr kísilhrúgu	47,4	lítið
1.28 Lítill pyttur í mýri	50,5	0,2
1.29 Auga í völubergi. Kísilútf.	66,0	lítið
1.30 " "	71,2	lítið frh.

TAFLA I frh.

Jarðhitastaður númer vísar til jarðhitalýsingar og korts (2. mynd)	hiti °C eldri mælingar í sviga	rennsli l/s
1.31 Auga í völuþergi. Steypt yfir og rör sett í	78,4	0,5
1.32 Fríður. Skál í völuþergi	73,3	lítið
1.33 Auga í læk	85,0	lítið
1.34 Auga í læk	80,7	lítið
1.35 Seytl úr uppfyllingu	74,4	lítið
1.36 Seytl úr uppfyllingu	80,5	lítið
1.37 Skál í völuþergi	92,7	lítið
1.38 " "	90,7	0,5
1.39 Seytl úr uppfyllingu	89,9	lítið
1.40 Hver grafinn út í völuþergi	89,4	0,5
1.41 Steypt þró með ofnum í, nú þurr	-	-
1.42 Seytl úr völuþergi	41,6	lítið
1.43 Þró, nýlega grafin	79,0	1-2
1.44 Gufuútsstreymi í þornuðum hver	-	-
1.45 Hverskál úr kísilútf. Nýlega þurr	-	-
1.46 1 m djúp hola í völuþergi	90,0	lítið
1.47 Leðjupyttur	62,1	lítið
1.48 Lítið auga. Kísilútfellingar	50,2	lítið
1.49 " "	44,5	lítið
1.50 Lítið auga í völuþergi	72,4	lítið
1.51 Þró, nýlega grafin	77,3	1-2
1.52 Þjófahver. Þró	89,9 (89-98)	- (0,1-5)
1.53 Mýrapyttur	48,8	-
1.54 Tvö augu í völuþergsklöpp í mýri Kísilútfellingar	76,6	lítið
1.55 Eins og nr. 1.54	48,0	lítið
1.56 Afbræðsla	24,7	lítið
1.57 Lítil skál í völuþergi	84,5	lítið
1.58 Kraflandi. Skál í völuþergi	100,1 (97-101)	1,5-2 (1,5-2,5)
1.59 Gullhver. Skál í völuþergi	97,3 (90-100)	0,2-0,3 (0,1-0,5)
1.60 Drullupyttur	21,1	-

frh.

TAFLA I frh.

Jarðhitastaður númer vísar til jarðhitalýsingar og korts (2. mynd).	hiti °C eldir mælingar í sviga	rennsli l/s
1.61 Drullupyttur	41,7	-
1.62 Runkhúshver. Steypt þró	76,5 (83-100)	0,5 (0,3-2)
1.63 Drullupyttur	79,2	-
1.64 Auga í völuþergi	68,7	lítið
1.65 Bleyta í móa	19,6	-
1.66 Fjóslaug. Steyp þró. Nú þornuð að mestu	10,0 (46-55)	- (0,2)

TAFLA II      2. þyrping.      Laugar á Bolaskeiði.

---

jarðhitastaður númer vísar til jarðhitalýsingar og korts (2. mynd)	hiti °C	rennsli l/s eldri mælingar í sviga
2.1 Bleyta í túni	6,0	-
2.2 Afbræðsla í skurði	>5	-
2.3 Steypt þró, lokuð	74,0 (72-86)	? (1)
2.4 Kísilútfellingar. Nú þurrt.	-	-
2.5 Laug í skurði	52,8	1
2.6 Afbræðsla í túni	18,0	-
2.7 Nokkur augu í skurði	31,0 (42)	lítið(0,1)



TAFLA III            3. þyrping.            Forahverir.

jarðhitastaður númer vísar til jarðhitalýsingar og korts (3. mynd)	hiti °C	rennsli l/s
3.1 Seytl úr basaltnöpp. Kísilútfellingar	50,0	lítið
3.2 Eins og nr. 3.1	36,0	lítið
3.3 Drullupyttur í mýri	16,4	-
3.4 Drullupyttur í mýri	25,1	-
3.5 Drullupyttur í mýri	24,3	-
3.6 Lítið auga með kísilútfellingum	39,6	lítið
3.7 Drullupyttur í mýri	12,1	lítið
3.8 Drullupyttur í mýri	9,7	lítið
3.9 Hver í moldarbarði. Kísilútfellingar	83,1	1
3.10 Auga í nöpp	65,8	lítið
3.11 Drullupyttur	17,2	lítið
3.12 Auga við berggang	69,1	lítið
3.13 Kísilskál	77,6	0,5
3.14 Kísilskál	76,7	0,5
3.15 Auga í moldarbarði	29,0	lítið
3.16 Drullupyttur í móa	8,4	-
3.17 Seytl við berggang. Kísilútfelling	58,1	lítið
3.18 Eins og nr. 3.17	39,1	lítið
3.19 Eins og nr. 3.17	45,7	lítið
3.20 Auga í nöpp. Kísilútfellingar	41,6	lítið
3.21 Pyttur í hólma í tjörn	21,6	-

jarðhitastaður númer vísar til jarðhitalýsingar og korts (4. mynd)	hiti °C eldri mælingar í sviga	rennsli l/s
4.1 Auga í klapparholti. Kísilútfellingar	53,5	0,2-0,3
4.2 " " "	44,9	lítið
4.3 " " "	49,7	lítið
4.4 Drulluauga í mýri	16,2	-
4.5 Drullupyttur í mýri	37,7	lítið
4.6 " " "	28,5	lítið
4.7 " " "	14,3	-
4.8 Drullupyttur	55,0	lítið
4.9 Auga í klapparholti. Kísilskánir	61,6	0,2-0,3
4.10 Drullupyttur í mýri	53,2	lítið
4.11 Einireykir. Þrjú vatnsaugu á völuþergskeilu	83,0 (83-85)	2 (1,4-3)
4.12 Drullupyttur í mýri	18,5	-
4.13 " " "	35,0	-
4.14 Auga í klöpp	54,5	lítið
4.15 Drullupyttur í mýri	25,4	-
4.16 Drullupyttur í móa	8,9	-
4.17 " " "	18,8	-
4.18 Stór drullupyttur í móa	40,1	-
4.19 Augu í klapparholti	71,0	0,2-0,3
4.20 Mörg augu í leðju milli klapparholta	69,0	lítið
4.21 Tvö augu í leðju milli klapparholta	38,4	lítið
4.22 Nokkur augu í leðju. Kísilskánir	80	1
4.23 Hiti í leðju milli klapparholta	20,0	lítið


TAFLA V 5. Þyrping. Höllustaðalaugar.

Jarðhitastaður númer vísa til jarðhitalýsingar og korts (5. mynd)	hiti °C eldri mælingar í sviga	rennsli l/s
5.1 Hesthólamýri. Pyttur í mýrinni	22	lítið
5.2 Hesthólalauug. Tvö augu í völuþergi	34,2	0,5
5.3 Nautalauug. Skál í völuþergi	44,3	0,1-0,2
5.4 Þvottalauug	60,5 (60)	0,5 (0,25)
5.5 Stóralauug. Skál í völuþergi	52	0,5

TAFLA VI Einstakar laugar og volgrur.

Jarðhitastaður númer vísa til jarðhitalýsingar og korta (2. og 6. mynd)	hiti °C eldri mælingar í sviga	rennsli l/s
6.1 Kötlulauug. Nú þurr	- (38-59)	- (0,4)
6.2 Miðhús. Vatnið kemur undan skriðu	7	-

MYNDIR



Höllustaðir

5. mynd

200

100




2. mynd

Miðhús

6. mynd

REYKHÓLAR

3. mynd




4. mynd



N

1. mynd

jarðhiti á yfirborði





SKÝRINGAR:

JARÐHITI

- hiti yfir 75,0°C
- - 50,0 - 74,9°C
- - 25,0 - 49,9°C
- - undir 25,0°C
- ☉ gufuauga
- ⊕ rennsti meira en 0,1 l/s
- þornaður hver
- afbræðslusæði

MANNVIRKI

- ⊠ bygging
- fyrirhuguð bygging skv. skipulagi
- ┌┐ vegur
- ┌┐ skurður
- 6 borhole



2. mynd

<b>ORKUSTOFNUN</b>		
Hverir og laugar við Reykhóla og á Bolaskeiði		
78.04.12. S.E.	T 173	F 17003
	Bardastr.	



ORKUSTOFNUN

-45-

Laugar sunnan v. Reykhóla, Reykhólahr.

Forahverir

78.0512. S.E.

T 174

Bardastr.

F 17004


### 3. mynd

#### SKÝRINGAR:




klapparholt

SKÝRINGAR VIÐ  
JARÐHITA ERU  
Á 2. MYND







4. mynd



SKÝRINGAR:

-  strik og halli
-  klapparholt

SKÝRINGAR FYRIR  
JARÐHITA ERU Á  
2. MYND

NEDRAVATN


0 100 m 200





Laugar við Höllustaði, Reykhólahr.

5. mynd



SKÝRINGAR VIÐ JARÐHITA ERU Á 2. MYND



0 100 200 m



# 6. mynd

